

## Úttektaáætlun 2018

Úttektaáætlun 2018 byggir á Landsbundinni úttektaráætlun til margra ára (LÚMA 2017-2021) og gerir ráð fyrir sjö úttektum árið 2018. Í ársáætlun eru innri úttektirnar nánar útfærðar þar sem umfang þeirra og fyrirkomulag er skipulagt. Í þessari ársáætlun fyrir árið 2018 er gert ráð fyrir að tvær úttektir sem tilgreindar eru í LÚMA verði teknar saman í einni úttekt en að slík úttekt nái yfir tvö heilbrigðiseftirlitssvæði. Þannig er í ársáætluninni gert ráð fyrir sjö innri úttektum alls.

### Úttektir og úttektaþegar

<b>Úttekt 2018-01</b>	<b>Reglubundið eftirlit með hollustuháttum í fiskvinnslu.</b>
Úttektarþegi:	Matvælastofnun – Neytendavernd.
Úttektarmarkmið:	Að skera úr um hvort reglubundið eftirlit með hollustuháttum í fiskvinnslu sé í samræmi við fyrirhugað fyrirkomulag og hvort þessu fyrirkomulagi sé hrundið í framkvæmd með skilvirkum hætti.
Umfang úttektar:	Reglubundið eftirlit Matvælastofnunar með hollustuháttum í fiskvinnslu samkvæmt reglugerð nr. 106/2010 / (EB) 882/2004, lög um matvæli nr. 93/1995, lög um sjávarafurðir nr. 55/1998, reglugerð nr. 103/2010 / (EB) 852/2004, reglugerð nr. 104/2010 / (EB) 853/2004, reglugerð nr. 105/2010 / (EB) 854/2004, reglugerð nr. 265/2010 / (EB) 1881/2006, reglugerð nr. 884/2010 / (EB) 333/2007, reglugerð nr. 135/2010 / (EB) 2073/2005. Úttektin nær til Neytendaverndar.
<b>Úttekt 2018-02</b>	<b>Lyfjaleifar og aðskotaefni – Eftirlit með sjálfstætt starfandi dýralæknum, dýraheilbrigði og dýraafurðum.</b>
Úttektarþegi:	Matvælastofnun – Dýraheilsa
Úttektarmarkmið:	Að skera úr um hvort eftirlit með sjálfstætt starfandi dýralæknum, dýraheilbrigði og dýraafurðum sé í samræmi við fyrirhugað fyrirkomulag og hvort þessu fyrirkomulagi sé hrundið í framkvæmd með skilvirkum hætti.
Umfang úttektar:	Reglubundið eftirlit Matvælastofnunar með sjálfstætt starfandi dýralæknum, dýraheilbrigði og dýraafurðum er varðar lyf, lyfjaleifar og aðskotaefni samkvæmt reglugerð nr. 106/2010 / (EB) 882/2004, lög um matvæli nr. 93/1995, reglugerð nr. 103/2010 / (EB) 852/2004, reglugerð nr. 104/2010 / (EB) 853/2004, reglugerð nr. 105/2010 / (EB) 854/2004, reglugerð nr. 265/2010 / (EB) 1881/2006, reglugerð nr. 884/2010 / (EB) 333/2007, reglugerð nr. 30/2012 / tilskipun 96/23 EB, reglugerð nr. 539/2000 / tilskipun 96/22 EB, reglugerð um rafræna skráningu dýralækna á dýrasjúkdómum og lyfjameðhöndlun nr. 303/2012, reglugerð nr. 607/2013 og 608/2013 / tilskipun 90/167 EB, reglugerð nr. 340/2001 / (EB) 1831/2003, reglugerð um afgreiðslu lyfseðla, áritun og afhendingu lyfja nr. 422/2017. Úttektin nær til Dýraheilsu.
<b>Úttekt 2018-03</b>	<b>Matvælamerkingar – Eftirlit með merkingu matvæla í kjöt- og fiskvinnslum.</b>
Úttektarþegi:	Matvælastofnun - Neytendavernd
Úttektarmarkmið:	Að skera úr um hvort eftirlit með merkingu matvæla í kjöt- og fiskvinnslum sé í samræmi við fyrirhugað fyrirkomulag og hvort þessu fyrirkomulagi sé hrundið í framkvæmd með skilvirkum hætti.
Umfang:	Eftirlit Matvælastofnunar með merkingu matvæla í kjöt- og fiskvinnslum samkvæmt reglugerð nr. 106/2010 / (EB) 882/2004, lög um matvæli nr. 93/1995, reglugerð nr. 1294/2014 / (EB) 1169/2011, reglugerð nr. 482/2017 / (EB) 1337/2013. Úttektin nær til Neytendaverndar.

**Úttekt 2018-04****Tilnefning rannsóknarstofa og framsettar kröfur til þeirra.**

Úttektarþegi:

Matvælastofnun - Neytendavernd.

Úttektarmarkmið:

Að skera úr um hvort tilnefning rannsóknarstofa og framsettar kröfur til þeirra sé í samræmi við fyrirhugað fyrirkomulag og hvort þessu fyrirkomulagi sé hrundið í framkvæmd með skilvirkum hætti.

Umfang úttektar:

Tilnefning rannsóknarstofa og framsettar kröfur til þeirra samkvæmt reglugerð nr. 106/2010 / (EB) 882/2004. Úttektin nær til Neytendaverndar.

**Úttekt 2018-05****Þjálfun og símenntun starfsmanna.**

Úttektarþegi:

Matvælastofnun – Markaðsstofa.

Úttektarmarkmið:

Að skera úr um hvort þjálfun og símenntun starfsmanna sé í samræmi við fyrirhugað fyrirkomulag og hvort þessu fyrirkomulagi sé hrundið í framkvæmd með skilvirkum hætti.

Umfang úttektar:

Þjálfun og símenntun starfsmanna samkvæmt reglugerð nr. 106/2010 / (EB) 882/2004. Úttektinni er ætlað að leiða í ljós hverjar kröfurnar eru um þjálfun og símenntun starfsmanna, hvað stofnunin gerir nú til að uppfylla þessar kröfur og eftir atvikum hvað þarf stofnunin að gera til viðbótar til að mæta kröfunum að fullu. Úttektin nær til Markaðsstofu.

**Úttekt 2018-06****Skipulag eftirlits og eftirfylgni þess og eftirlit með neysluvatni.**

Úttektarþegi:

HES – Heilbrigðiseftirlit Suðurnesja.

Úttektarmarkmið:

Að skera úr um hvort verklag við skipulag eftirlits og eftirfylgni þess og eftirlit með neysluvatni sé í samræmi við fyrirhugað fyrirkomulag og hvort þessu fyrirkomulagi sé hrundið í framkvæmd með skilvirkum hætti.

Umfang úttektar:

Skipulag eftirlits og eftirfylgni þess og eftirlit með neysluvatni samkvæmt reglugerð nr. 106/2010 (EB 882/2004), reglugerð 536/2001 / tilskipun 98/83 EB, lög um matvæli nr. 93/1995. Úttektin nær til Heilbrigðiseftirlits Suðurnesja og Heilbrigðiseftirlits Austurlands.

**Úttekt 2018-07****Skipulag eftirlits og eftirfylgni þess og eftirlit með neysluvatni.**

Úttektarþegi:

HES – Heilbrigðiseftirlit Austurlands.

Úttektarmarkmið:

Að skera úr um hvort verklag við skipulag eftirlits og eftirfylgni þess og eftirlit með neysluvatni sé í samræmi við fyrirhugað fyrirkomulag og hvort þessu fyrirkomulagi sé hrundið í framkvæmd með skilvirkum hætti.

Umfang úttektar:

Skipulag eftirlits og eftirfylgni þess og eftirlit með neysluvatni samkvæmt reglugerð nr. 106/2010 (EB 882/2004), reglugerð 536/2001 / tilskipun 98/83 EB, lög um matvæli nr. 93/1995. Úttektin nær til Heilbrigðiseftirlits Suðurnesja og Heilbrigðiseftirlits Austurlands.

## Úttektaaðili


Úttektaaðili er gæðastjóri Matvælastofnunar. Úttektaaðili skipuleggur og stjórnar framkvæmd innri úttekta samkvæmt samþykktum úttektaáætlunum. Úttektaaðili skipar úttektarhópa sem í skulu vera minnst tveir úttektarmenn og skal annar þeirra vera valinn sem úttektarstjóri. Gæðastjóri Matvælastofnunar er að jafnaði úttektarstjóri ef hann er meðlimur úttektarhóps. Úttektaaðili annast útgáfu skilríkja til úttektarmanna sem staðfestingu á umboði þeirra. Úttektaaðili skal tryggja samræmi milli úttektamanna og, í samráði við úttektastjórn, að hæfni þeirra sé viðhaldið.

Úttektaaðili skal greina heildarniðurstöður úttekta og leggja fram fyrir úttektastjórn árlega greiningu á þeim kerfislægu styrkleikum eða veikleikum sem fram koma í úttektum.

Á grundvelli samþykkrar úttektaáætlunar skipuleggur úttektaaðili hverja úttekt og skilgreinir umfang hennar og þátttakendur. Til þess að ná markmiðum úttektar getur umfang úttektar náð út yfir og þvert á stjórnsýsluleg mörk og til margra lögbærra yfirvalda.

Úttektaaðili skipar úttektarstjóra fyrir hverja úttekt sem skipuleggur dagskrá úttektar í samráði við yfirmann/yfirmenn úttektarþega. Úttektarskipulag og beiðni um upplýsingar skal sent hlutaðeigandi aðilum eigi síðar en mánuði fyrir fyrirhugaða úttekt. Endanleg dagskrá úttektar skal liggja fyrir eigi síðar en viku fyrir áætlaða úttekt. Við framkvæmd innri úttekta á opinberu eftirliti er stuðst við leiðbeiningar ISO 19011:2011 og þær viðmiðunarreglur sem koma fram í ákvörðun nr. 2006/677/EC.

Framkvæmd innri úttekta er eftirfarandi:



Tafla 1. Tímarammi úttekta.

**Matvælastofnun  
Innri úttektaáætlun 2018**

Úttekt	Úttekta- þegar	Mars	Apríl	Maí	Júní	Júlí	Ágúst	September	Október	Nóvember	Desember
2018-01	Matvæla- stofnun. Neytenda- vernd.			Opnunar- fundur: 8. maí							
Reglubundið eftirlit með hollustu- háttum í fiskvinnslu				Vettvangs- úttekt							
				Lokafundur: 10. maí							
2018-02	Matvæla- stofnun. Dýraheilsa og Neytenda- vernd								Opnunar- fundur: 9. október		
Lyfjaleifar og aðskotaefni - Eftirlit með sjálfstætt starfandi dýralæknum og dýra-heilbrigði í frumfram- leiðslu									Vettvangs- úttekt		
									Lokafundur: 12. október		
2018-03	Heilbrigðis- eftirlit sveitarfélaga. Norðurland eystra.  Matvæla- stofnun, Neytenda- vernd.			Opnunar- fundur: 15. maí							
Matvæla- merkingar - Reglubundið eftirlit með merkingu matvæla				Vettvangs- úttekt							
				Lokafundur: 26. maí							
2018-04	Matvæla- stofnun. Neytenda- vernd.								Opnunar- fundur: 16. október		
Tilnefning rannsóknar- stofa									Vettvangs- úttekt		
									Lokafundur: 17. október		

Úttekt	Úttekta- þegar	Mars	Apríl	Mai	Júní	Júlí	Ágúst	September	Október	Nóvember	Desember
2018-05	Matvæla- stofnun. Markaðsstofa		Opnunar- fundur: 17. apríl								
Þjálfun og simeyntun starfsmanna			Vettvangs- úttekt								
			Lokafundur 18. apríl								
2018-06	HES. Heilbrigðis- eftirlit Suðurnesja							Opnunar- fundur:			
Skipulag eftirlits og eftirfylgni þess og eftirlit með neysluvatni								Vettvangs- úttekt			
								Lokafundur			
2018-07	HES. Heilbrigðis- eftirlit Austurlands								Opnunar- fundur:		
Skipulag eftirlits og eftirfylgni þess og eftirlit með neysluvatni									Vettvangs- úttekt		
									Lokafundur		

Tímasetningar úttekta gætu breyst og verða ákveðnar endanlega í samráði við úttektaþega.

Samþykkt í Gæðaráði Matvælastofnunar, dags. 2. nóvember 2017.

  
Jón Gíslason, forstjóri

Samþykkt í Úttektanefnd, dags. 28. nóvember 2017

  
Eggert Ólafsson, formaður

